



Reglur um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Ísafjarðarbæjar

1. gr.

Gildissvið

Reglur þessar gilda um umsókn og innritun í grunnskóla Ísafjarðarbæjar og um flutning barna milli skólahverfa. Öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6-16 ára, er skylt að sækja grunnskóla samkvæmt lögum nr. 91/2008 um grunnskóla, með síðari breytingum. Samkvæmt sömu lögum er sveitarfélögum skylt að sjá til þess að skólaskyld börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu njóti skólavistar eftir því sem nánar segir í lögum.

Hugtakið foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns samkvæmt barnalögum nr. 76/2006.

2. gr.

Skólahverfi

Í Ísafjarðarbæ eru fjögur skólahverfi og meginreglan er að nemendur sækji skóla í því hverfi sem þeir eiga lögheimili. Foreldrum er heimilt að óska eftir að barn sækji annan skóla en hverfis-skólann. Skólahverfi markast af ákveðinni skiptingu sem sjá má í viðauka 1.

3. gr.

Umsóknir um skólavist

Sækja skal um skólavist rafrænt í gegnum þjónustugátt Ísafjarðarbæjar. Móttaka umsóknar skal staðfest rafrænt.

4. gr.

Val um grunnskóla og meðferð umsókna

Foreldrar geta sótt um skólavist fyrir barn sitt hvar sem er í sveitarfélaginu samkvæmt reglum þessum.

Nemendur með lögheimili í tilteknu skólahverfi eiga forgang um skólavist í viðkomandi skóla ef takmarka þarf nemendafjölda.

Skólastjórnendur geta heimilað nemanda með lögheimili í öðru sveitarfélagi skólavist enda sé nægjanlegt húsrými til staðar. Sveitarfélög gera með sér samninga um greiðslu náms-kostnaðar.

Komi til þess að hafna þurfi umsóknum vegna húsnæðis- eða aðstæðutakmarkana skulu eftirfarandi þættir vega þyngst:

- Nálægð heimilis við skóla.
- Systkini stunda nám við skólann.

- Sérstakar félagslegar eða heilsufarslegar ástæður barns.
- Aðrir lögmætir hagsmunir fjölskyldu.

Við meðferð umsókna skal farið að ákvæðum grunnskólalaga og stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Sé umsókn hafnað skal skólastjóri veita foreldrum færi á að tjá sig innan tveggja vikna og tilkynna síðan skriflega um rökstudda ákvörðun. Upplýsa skal um kærurétt samkvæmt 47. gr. grunnskólalaga.

Nemendum stendur ekki til boða skólaakstur ef þeir velja skóla utan skólahverfis eða utan sveitarfélags.

5. gr.

Flutningur milli hverfis-skóla

Foreldrar geta óskað eftir flutningi barns milli grunnskóla í sveitarfélaginu. Umsókn skal berast rafrænt í þjónustugátt Ísafjarðarbæjar.

Flutningsumsóknir eru að jafnaði afgreiddar á 1. apríl fyrir flutning næsta haustmisseri og 1. október fyrir flutning næsta vormisseri. Utan þessara tímabila eru umsóknir aðeins teknar fyrir ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Við afgreiðslu flutningsumsókna skal tekið mið af eftirfarandi atriðum í þessari röð:

- Systkini í sama skóla
- Nálægð heimilis við skóla
- Sérstakar félagslegar eða heilsufarslegar aðstæður barns
- Jafnvægi í nemendafjölda milli skóla og álagsstýring
- Önnur rökstudd sjónarmið foreldra

Ef verulegt misvægi skapast í nemendafjölda milli skóla vegna húsnæðis, framkvæmda eða annars rekstrarlegs álags getur skóla- og tómstundasvið takmarkað flutning tímabundið. Slíkar ákvarðanir skulu ávallt byggðar á málefnalegum forsendum og rökstuddar skriflega.

Ef alvarlegur húsnæðisvandi, brunavarnir, framkvæmdir eða öryggisþættir valda því að skóli getur ekki sinnt fullri starfsemi er sveitarfélaginu heimilt, að höfðu samráði við foreldra, að flytja nemendur tímabundið í annan skóla. Slík ákvörðun skal:

- Byggja á heildarhagsmunum barns.
- Vera rökstudd skriflega.
- Vera tímabundin og endurskoðuð reglulega.

Sé umsókn hafnað skal foreldrum gefinn kostur á að tjá sig skriflega innan tveggja vikna. Rökstudd ákvörðun skal síðan send foreldrum ásamt upplýsingum um kæruleiðir.

6. gr.

Gildistaka

Reglur þessar, með þeim breytingum sem samþykktar hafa verið, taka gildi við staðfestingu bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Þær koma í stað eldri reglna frá 21. október 2021.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 5. mars 2026.